

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1993, sem er 189,6 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1993 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 164, 31. mars 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 502, 30. desember 1992.

Allir verðskrárliðir hækka um 3,3% frá og með 1. ágúst 1993, nema verðskrárliður C2, sem verður óbreyttur.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. ágúst 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 176, 26. apríl 1993.

Í samræmi við hækkun byggingarvísitölu úr 189,8 í 192,5 stig í ágúst 1993 hækka allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akureyrar um 1,42% frá 1. ágúst 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1993.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.